

Alþingi
Erindi nr. P 139/1501
komudagur 25. 2. 2011



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2011

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst tölvupóstur frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, dagsettur 7. febrúar, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (uppsögn starfs), 311. mál.

Lög nr. 70 1996 fjalla m.a. um ráðningarkjör starfsmanna ríkisins. Aðrir launamenn njóta þeirra grundvallarréttinda að semja um þessi kjör í kjara- og ráðningarsamningum. Það er með öllu ólíðandi ef alþingi ætlar með lagabreytingu að breyta einhliða ráðningarkjörum starfsmanna ríkisins. Meðan ríkisstarfsmenn verða að lúta því einir launamanna að ráðningarkjörum þeirra sé skipað með lögum er það lágmarkskrafa að um slíkar breytingar sé haft samráð við samtök þeirra.

Efnislega leggst félagið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum nr. 70/1996 og telur að breytingar á ákvæðum 21. gr. og 44. gr. um áminningarskyldu komi ekki til greina meðan enn eru í gildi íþyngjandi ákvæði eins og t.d. 17. og 19. grein nefndra laga. 17. greinin fjallar um yfirvinnukvöð en sú 19. um rétt stofnanna til að breyta einhliða ráðningarkjörum og hafa starfsmenn einstakra stofnanna fengið ótæpilega að kenna á því. Einnig mótmælir félagið þeirri tillögu að ekki þurfi að fara að stjórnáslögum við uppsögn starfsmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN